

Subject: Re: RÚV - Skilaboð af síðu

From: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>

Date: 19-01-2017 04:02

To: Brynjólfur Þór Guðmundsson <brynjolfur.thor.gudmundsson@ruv.is>

Bestu þakkir Brynjólfur. Sakborningar, hvorki meira né minna. Þá verður maður nú að vona að réttindi manna sem sakborninga séu virt og t.d. réttur þeirra til að fá upplýsingar um kæruefni samanber 1. mgr. 32. gr. [oml](#). (lög um meðferð opinberra mála) og 3. mgr. 6. gr. [mannréttinasáttmála Evrópu](#), sem lögfestur var á Íslandi með lögum [nr. 62/1994](#). Vonandi verður réttur þessa sakborninga til að neita að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem þeim er gefið að sök, samkvæmt 3. mgr. 32. gr. [oml](#). virtur. Á Íslandi ríkja enn ágæt lög, þó svo að sagan sýni okkur að lögreglan sé ekki alltaf með þau á hreinu..

Ég blogga um þessi breytingu á eðli grunssin á morgun þegar ég er búinn að fá mér morgunkaffið - og sendi Grími.

góðar stundir,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Den 19-01-2017 kl. 03:44 skrev Brynjólfur Þór Guðmundsson:

Sæll Vilhjálmur,

Ég þarf ekki að spyrja Stöð 2, ég talaði við Grím áðan. Hann tók af allan vafa.

Fyrirsögnin er breytt vegna þess að fréttin uppfærðist. Ég bætti inn setningu eftir ábendinguna frá þér áðan - þó hún væri endurtekning á efni sem kom fram fyrr í fréttinni.

En þú getur alveg verið viss. Það leikur enginn vafi á að mennirnir eru grunaðir. Sakborningar er orðið sem Grímur notaði í viðtali við mig.

-----Original Message-----

From: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson [<mailto:vilhjalmur@mailme.dk>]

Sent: fimmtudagur, 19. janúar 2017 02:03

To: Brynjólfur Þór Guðmundsson <brynjolfur.thor.gudmundsson@ruv.is>

Subject: Re: RÚV - Skilaboð af síðu

Sæll Brynjólfur Þór,

Þannig upplýsti Grímur það nú ekki fyrr í dag. Við getum spurt Stöð 2 á morgun.

Sjáðu til:

1) Skilaboð mín voru við frétt sem bar þetta heiti:

<http://www.ruv.is/frett/polar-nanoq-lagstur-ad-bryggju>

2) Þegar ég opna þann hlekk fæ ég frétt með annari fyrirsögn og þar hefur þú breytt niðurlaginu!

Fyrri fréttina tók ég skjámynd af, svo ég er í engum vafa. Sjá viðhefta skjámynd.

bestu kveðjur,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Den 19-01-2017 kl. 01:53 skrev Brynjólfur Þór Guðmundsson:

Sæll Vilhjálmur,

Ég er búinn að skoða þetta betur. Fréttin stendur. Mennirnir hafa stöðu grunaðs manns. Hafa haft hana alla tíð síðan þeir voru handteknir.

-----Original Message-----

From: vefur@ruv.is [<mailto:vefur@ruv.is>] On Behalf Of

vilhjalmur@mailme.dk

Sent: miðvikudagur, 18. janúar 2017 23:38

To: Brynjólfur Þór Guðmundsson <brynjolfur.thor.gudmundsson@ruv.is>

Subject: RÚV - Skilaboð af síðu

Sæl(1) Brynjólfur Þór Guðmundsson,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson (vilhjalmur@mailme.dk) hefur sent þér skilaboð af RÚV . Skilaboðin eru:

Rangt farið með staðreyndir hjá RÚV, sem upplýsir: "Um sjöleytið lá enginn undir grun, umfram þá tvo sem fyrstir voru handteknir." En fyrr í dag kom þetta fram á mbl.is "Í fréttum Stöðvar 2 var haft eftir Grími að mennirnir séu grunaðir um að hafa upplýsingar um hvarf Birnu, en hann vildi ekki staðfesta hvort þeir væru grunaðir um saknæmt athæfi." Svona starfa íslenskir fréttamenn RÚV. Um leið og Grænlandingarnir voru komnir í land dæmdi RÚV þá sem grunaða.

bestu kveðjur

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Skilaboðin urðu til á síðunni:

<http://www.ruv.is/frett/polar-nanoq-lagstur-ad-bryggju>